

HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

19. janúar, 2007

Hagnaður eftir skatta \$79 milljónir

Hf. Eimskipafélag Íslands - Yfirlit 2006

- Heildartekjur á árinu 2006 \$1.040
- EBITDA \$64 milljónir - EBIT \$-12 milljón
- EBITDA með aflagðri starfsemi og söluhagnaði af AAT \$135 milljónir
- Tap fyrir skatta \$77 milljónir
- Hagnaður eftir skatta \$79 milljónir
- Heildareignir í árslok \$1.842 milljónir
- Veltufé frá rekstri \$20 milljónir
- Eigið fé 31. október \$682 milljónir - eiginfjárlutfall 37%
- Veltufjárlutfall 1,39
- Uppgjörsmýnt Eimskips ehf. verður evra frá og með 1. nóvember 2006

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður:

“Á árinu 2006 var heildarafkoma Hf. Eimskipafélags Íslands ásættanleg. Árið einkenndist af miklum ytri vexti en í lok árs var eitt af þremur afkomusviðum selt. EBITDA félagsins af núverandi starfsemi nam \$64 milljónum árið 2006. EBITDA afkomusviðanna þriggja sem mynduðu samstæðuna árið 2006 að viðbættum söluhagnaði af Avion Aircraft Trading nemur \$135 milljónum. Félagið leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu á flutningastarfsemi Eimskips, Air Atlanta Icelandic og tengdra félaga.

Í byrjun ágúst tilkynnti Hf. Eimskipafélag Íslands áætlanir félagsins um yfirtökutilboð í alla hluti Atlas Cold Storage Income Trust á genginu 7 CAD á hlut. Heildarkostnaður yfirtökunnar, að viðbættum áætluðum skuldum félagsins var að andvirði 630 milljóna kanada dollara. Tilboðið var gert í gegnum Eimskip Atlas Canada, Inc., sem er dótturfélag Eimskips. Eftir að tilboðið hafði verið framlengt þrisvar náði Eimskips Atlas Canada, Inc. samkomulagi við Atlas Cold Storage um yfirtökutilboð í allt hlutafé félagsins. Samkomulagið fól í sér að Eimskip hækkaði tilboð sitt úr 7 CAD á hlut í 7,50 CAD á hlut. Eftir ítarlega skoðun á valmöguleikum varðandi framtíðarstefnu félagsins ákvað stjórn Atlas Cold Storage að tilboð Eimskips væri hagstætt fyrir hluthafa Atlas og mælti stjórnin einróma með því að hluthafar tækju nýja tilboðinu. Í kjölfarið eignaðist Eimskip alla hluti í Atlas Cold Storage.

Í lok september keypti Innovate Holdings Limited, dótturfélag Eimskips, allt hlutafé í Corby Chilled Distribution Limited sem er leiðandi í hitastýrðum flutningum á matvælum í Bretlandi. Kaupin styrkja stefnu Eimskips um að verða leiðandi aðili í hitastýrðum flutningum á alþjóðavísu og bæta við öflugt þjónustunet sem samanstendur af kæligeymslum, öflugum dreifileiðum og flutningakerfum í Bretlandi. Mikil samlegðaráhrif eru milli fyrirtækjanna og getum við nú boðið viðskiptavinum okkar í Bretlandi upp á enn betri og umfangsmeiri þjónustu í hitastýrðum flutningum.

Eimskip gekk einnig frá kaupum á 65 % hlut í finnska skipafélaginu Containerships í september. Nú er unnið að sameiningu Containerships og Kursiu Linija sem Eimskip eignaðist fyrr á árinu og mynda félagin eitt stærsta flutningabandalag Evrópu í styttri siglingum (short sea). Stefna Eimskips er að verða leiðandi aðili í styttri siglingum á markaðssvæðinu sem vex gífurlega hratt.

Í október festi Eimskip kaup á 100% hlut í bandaríska flutningsmiðlunarfyrtækinu Pacific Trumper Services en félagið hefur verið leiðandi í flutningum á frosnum fiski frá Alaska í yfir 20 ár. Fyrirtækið er með aðalskrifstofu í Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna og umfangsmikla starfsemi í Dutch Harbor í Alaska, tengda rekstri á frystigeymslu og hafnaraðstöðu. Kaup Eimskips á PTI mun styrkja stöðu Eimskips í Alaska verulega, m.a. með möguleikum á frekari þróun á frystigeymsluþjónustu í Dutch Harbor og þróun á frystiskipaþjónustu til Evrópu og Asíu. Þá opnast möguleikinn á því að tengja Alaska og norðvesturhluta Bandaríkjanna við alþjóðlegt flutnings- og frystigeymslunet Eimskips.

Í lok árs samþykkti stjórn Hf. Eimskipafélags Íslands tilboð frá hópi fjárfesta upp á \$ 450 milljónir (30,6 milljarða króna) í XL Leisure Group sem var eitt þriggja afkomusviða félagsins. XL Leisure Group annaðist leiguflegs- og ferðaþjónustuhluti félagsins.

Stjórn Hf. Eimskipafélags Íslands samþykkti einnig tilboð frá hópi fjárfesta í 51% hlut í Avion Aircraft Trading upp á \$ 51 milljón (3,5 milljarða króna). 49% verða áfram í eigu félagsins og er eignarhluturinn bókfærður á um \$ 3 milljónir (200 milljónir króna).

Innan XL Leisure Group er Excel Airways Group í Bretlandi, Star Airlines í Frakklandi og nýstofnað félag í Þýskalandi ásamt fjölda dótturfélaga í sömu löndum. Afkomueiningin var seld í heild sinni. Hf. Eimskipafélag Íslands veitti bakábyrgð vegna hluta fjármögnunar á kaupunum að fjárhæð \$ 280 milljónir. Ábyrgðin gildir til 1. mars 2008. Hluti kaupverðsins var greiddur með hlutabréfum í Hf. Eimskipafélagi Íslands sem jafngilti um 22% hlut í félaginu. Í kjölfarið eignaðist Fjárfestingarfélagið Grettir aukinn hlut í félaginu.

Eftir lok fjárhagsársins var boðað til hluthafafundar þar sem félagið tók upp nafnið Hf. Eimskipafélag Íslands í stað Avion Group. Einnig voru tveir nýir stjórnarmenn kjörnir, Sindri Sindrason og Þór Kristjánsson sem tóku sæti Argríms Jóhannssonar og Eamonn Mullaney.

Eimskip boðaði einnig aukna sókn í Kína bæði með viljayfirlýsingu um rekstur kæligeymslu svo og með opnun skrifstofu í Shenzhen sem er þriðja skrifstofa félagsins í Kína. Shenzhen er næst stærsta gámahöfnin í Kína og mun starfsemin þar að mestu snúast um vörustýringu sjávarafurða ásamt því að auka og þróa viðskiptamöguleika með ávexti og grænmeti.

Þá undirritaði Eimskip viljayfirlýsingu um rekstur stærstu frystigeymslu í Qingdao-höfn sem er mjög spennandi verkefni og styður vel við núverandi starfsemi Eimskips í Kína. Bygging kæligeymslunnar er komin vel á veg en stefnt er að því að hún verði tekin í notkun á fyrri hluta þessa árs. Þetta er mikilvægur liður í þeirri sýn félagsins að verða leiðandi aðili í hitastýrðum flutningum á heimsvísu en við höfum háleit markmið um nýtingu geymslunnar hvað varðar flutninga milli N-Ameríku og Asíu.

Loks gekk Eimskip nýverið frá kaupum á öllu hlutafé í Daalimpex beheer B.V. í Hollandi en fyrir átti Eimskip 40% hlut í félaginu. Daalimpex er eitt stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu og rekur sex frystigeymslur í Hollandi. Kaupin á Daalimpex styrkja verulega stöðu Eimskips í frystiflutningum í Evrópu og renna stoðum undir frekari uppbyggingu á frystiþjónustu á meginlandi Evrópu. Á síðastu mánuðum hefur Eimskip orðið leiðandi aðili í frystigeymslum á alþjóðavísu með kaupum á Innovate og Corby í Bretlandi, Atlas Cold Store í Kanada og nú Daalimpex í Hollandi."

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2005 til 31. október 2006

	2005/6 1.11-31.10	2006 4Q	2005 1.1-31.10
Rekstrartekjur			
Sala	1.018.110	358.022	551.173
Aðrar tekjur	21.926	0	21.954
	<u>1.040.036</u>	<u>358.022</u>	<u>573.127</u>
Rekstrargjöld			
Aviation Services	(456.282)	(139.751)	(367.017)
Shipping and Logistics	(595.488)	(232.883)	(189.793)
	<u>(1.051.770)</u>	<u>(372.634)</u>	<u>(556.810)</u>
Rekstrartap.....	(11.734)	(14.612)	16.317
Fjármunatekjur	15.994	1.049	15.626
Fjármagnsgjöld	(81.866)	(6.380)	(24.225)
	<u>(65.872)</u>	<u>(5.331)</u>	<u>(8.599)</u>
Hlutdeildartekjur	822	2.535	(203)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt.....	(76.784)	(17.408)	7.515
Tekjuskattur	8.903	1.078	(1.191)
Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi	(67.881)	(16.330)	6.324
Áhrif aflagðrar starfsemi	147.237	164.551	17.422
Hagnaður tímabilsins.....	<u>79.356</u>	<u>148.221</u>	<u>23.746</u>

Rekstrartekjur félagsins á árinu námu \$1.040 milljón og jukust um 80% samanborið við 2005. Rekstrargjöld námu \$1.052 milljónum og jukust um 89% milli ára.

Tap félagsins fyrir skatta á fjárhagsárinu 2006 nam \$77 milljónum samanborið við \$8 milljóna króna hagnað árið 2005. Hagnaður eftir skatta nam \$79 milljónum fyrir samstæðuna samanborið við \$24 milljónir árið 2005.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um \$82 milljónir, þar af voru um \$29 milljónir óinnleyst gengistap árið 2006.

Uppgjörsmýnt Eimskips ehf. verður evra frá og með 1. nóvember 2006

Helstu tölur úr rekstri og efnahag

	2006	10m 2005
Eiginfjárlutfall.....	37,0%	29,9%
Veltufjárlutfall.....	1,39	0,71
Ávöxtun eiginfjár.....	14,2%	13,7%
Veltufé frá rekstri.....	20.303	71.535
EBIT.....	(11.734)	46.682
EBITDA	64.229	100.524
EBIT / tekjum.....	-1,1%	3,3%
EBITDA / tekjum.....	6,2%	7,2%

*Samanburðartölur fyrir árið 2005 ná til 10 mánaða, 1. janúar 2005 – 31. október 2005.

Efnahagsreikningur

Á árinu breyttist efnahagsreikningur fyrirtækisins mikið. Aðalástæða þess eru yfirtökur á öðrum félögum og sala eigna í lok árs.

Heildareignir voru \$ 1.842 milljónir í lok árs. Eigið fé jókst frá \$461 milljón í \$ 682 milljónir á árinu. Eiginfjárlutfall var 37% í lok tímabilsins samanborið við 30% í upphafi tímabilsins. Arðsemi eigin fjár var 14%. Hagnaður á hlut var \$ 0,045 á árinu. Veltufjárlutfall er 1,39 en var 0,71 í lok árs 2005.

Í lok árs var handbært fé félagsins \$228 milljónir samanborið við \$150 milljónir í upphafi árs.

Sjóðsstreymi

Veltufé frá rekstri var \$20 milljónir fyrir tímabilið. Handbært fé til rekstrar var \$59 milljónir. Fjárfestingarhreyfingar námu \$73 milljónum samanborið við \$205 milljónir á fyrra ári.

Ársfjórðungsyfirlit

	1.11-31.10 2005/6	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2005	2. ársfj. 2005	1. ársfj. 2005
Rekstrartekjur	1.040.036	358.022	229.692	209.112	243.210
Rekstrargjöld	(1.051.770)	(372.634)	(228.666)	(217.433)	(233.037)
Rekstrarhagnaður	(11.734)	(14.612)	1.026	(8.321)	10.173
Fjármagnstekjur (gjöld)	(65.050)	(2.796)	(12.330)	(46.093)	(3.831)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(76.784)	(17.408)	(11.304)	(54.414)	6.342
Tekjuskattur	8.903	1.078	1.888	8.341	(2.404)
Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi	(67.881)	(16.330)	(9.416)	(46.073)	3.938
Hagnaður / tap aflagðrar starfsemi	147.237	164.551	12.251	(15.685)	(13.880)
Hagnaður (tap) tímabilsins	79.356	148.221	2.835	(61.758)	(9.942)

Skráning og hluthafar

Hf. Eimskipafélags Íslands var skráð í Kauphöllina þann 20. janúar 2006 og var skráning félagsins stærsta nýskráning í Kauphöllina en markaðsvirði félagsins voru tæpir 69 milljarðar króna við skráningu. Heildarfjöldi hluta í Hf. Eimskipafélagi Íslands eru alls 1.793.599.135 að nafnverði. Hluthafar í Hf. Eimskipafélagi Íslands voru um 24 þúsund í lok október samanbórið við 20 í upphafi árs. Tveir hluthafar áttu meira en 10% hlut í félaginu í lok árs. Frontline Holding S.A. sem er í eigu Magnúsar Þorsteinssonar, með 37,55% eignarhlut og Fjárfestingarfélagið Grettir með 34,37%.

Ársskýrsla

Ársskýrsla Hf. Eimskipafélags Íslands verður birt í tengslum við aðalfund félagsins 2006 sem verður haldinn fyrir lok febrúar og verður hún birt á heimasíðu félagsins: www.ei.is.

Fjárhagsdagatal 2007

Ársfjórðungsuppgjör verða birt:

1Q	19. – 23. mars
2Q	18.-22. júní
3Q	17.-21. september
4Q	14.-18. janúar 2009

Framtíðarhorfur

Áætlanir Hf. Eimskipafélags Íslands gera ráð fyrir betri afkomu á báðum tekjusviðum félagsins árið 2007 en árið 2006. Velta Eimskips árið 2007 en áætluð \$ 1.450 milljónir og EBITDA \$ 145 milljónir. Velta Air Atlanta Icelandic er áætluð \$ 388 milljónir árið 2007 og EBITDA \$ 25 milljónir.

Árstíðasveifla er nokkur í rekstri Eimskips. Fyrsti ársfjórðungur fjárhagsársins (nóv – jan) er jafnan lakastur í rekstri félagsins og sá fjórði bestur.

Árstíðarsveifla er nokkur í rekstri Air Atlanta Icelandic en með aukinni áherslu á fraktflug dregur úr þeirri sveiflu en fyrsti og fjórði ársfjórðungur eru jafnan þeir bestu í rekstri félagsins.

Samþykkt reikninga

Stjórn Hf. Eimskipafélags Íslands samþykkti ársreikning félagsins fyrir fjárhagsárið 2006 á stjórnarfundum þann 18. janúar 2007. Uppgjörið hefur verið endurskoðað af endurskoðendum félagsins og áritað án athugasemda. Sömu reikningsskilaaðferðum er beitt nú og á síðasta ári.

Kynningarfundur

Kynningarfundur verður haldinn þann 19. janúar í Sundakletti, húsakynnum Eimskips, Korngörðum 2, klukkan 8:30. Kynning fundarins verður birt á heimasíðu félagsins að fundi loknum. Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins og Baldur Guðnason forstjóri Eimskips kynna niðurstöður ársreiknings og svara fyrirspurnum.

Reikninginn er einnig hægt að skoða á heimasíðu Hf. Eimskipafélags Íslands: www.ei.is

Nánari upplýsingar veita:

Stefán Ágúst Magnússon, Fjármálastjóri Eimskip
Dögg Hjaltalín, forstöðumaður fjárfestatengsla

+354 525 7202
+354 899 0645